

# : REITIR

## *Viðauki við grunnlýsingu dagsetta 3. desember 2015 vegna 70.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa*

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Grunnlýsing dagsett 3. desember 2015 útgefin af Reitum fasteignafélags hf. (hér eftir nefnd grunnlýsingin og Reitir eða félagið), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

### *Ársreikningur 2015*

Í grunnlýsingunni var fjallað um fjárhagsupplýsingar úr árs- og árshlutareikningum samstæðu Reita frá ársbyrjun 2013 til loka september 2015. Ársreikningur samstæðu Reita fyrir fjárhagsárið 2015, sem lauk 31. desember 2015, var birtur 17. febrúar 2016 með fréttatilkynningu sem varðaði helstu niðurstöður ársreikningsins. Framangreind fréttatilkynning og ársreikningur voru birt opinberlega á slóðinni <https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=697258&messageId=871825> Endurskoðaður ársreikningur samstæðu Reita fasteignafélags hf. fyrir fjárhagsárið 2015 sem lauk 31. desember 2015, sem hefur áður verið birtur opinberlega, er með þessum viðauka felldur inn með tilvísun í grunnlýsinguna dagsetta 3. desember 2015 útgefna af Reitum fasteignafélags hf., skoðast sem órjúfanlegur hluti af grunnlýsingunni og er tiltekinn meðal skjala til sýnis. Meðan grunnlýsingin er í gildi er heimilt að skoða þessi skjöl, en slíkt aðgengi er veitt með birtingu skjalanna á vef félagsins, [reitir.is/fjarfestar](http://reitir.is/fjarfestar).

### *Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um kaup á eignum í rekstri Stefnis*

Í kafla 5.5.3 *Þróun og horfur í rekstri á yfirstandandi ári* í grunnlýsingunni var fjallað um samninga Reita við eigendur fasteignasjóðanna SRE I slhf. og SRE II slhf. um kaup Reita á tilteknum fasteignafélögum, með ákveðnum fyrirvörum. Þann 19. febrúar 2016 birti félagið fréttatilkynningu þess efnis að Samkeppniseftirlitið telji ekki forsendur til að aðhafast vegna kaupa Reita á framangreindum fasteignafélögum, unnið verði að því á næstu vikum að klára frágang viðskiptanna og tilkynnt verði þegar ljóst er hvenær yfirtaka félagsins á hinu keypta fer fram. Framangreind fréttatilkynning var birt opinberlega á slóðinni <https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=697769&messageId=872511> og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var birt á slóðinni <http://www.samkeppni.is/urlausnir/akvardanir/nr/2770>.

### *Önnur atriði*

Sérfræðiskýrsla Deloitte ehf. vegna virðisútreiknings fasteigna, sem eru til tryggingar undir almennu tryggingarfyrirkomulagi Reita í lok desember 2014, er hluti af grunnlýsingunni. Sérfræðiskýrslan er dagsett 5. mars 2015 og hafa ekki átt sér stað verulegar breytingar á veðndlaginu frá þeim tíma. Breytingar á fjárfestingareignum samstæðu Reita árið 2015 eru tilgreindar í skýringu 8 í ársreikningi 2015.

Vísun til „Lokaskilmála“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til endanlegra skilmála, samanber 3. tl. 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Skilgreiningu þessari er bætt við kafla 6.1 *Skilgreiningar og tilvísanir* í grunnlýsingunni.

### *Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda*

Formaður stjórnar og forstjóri Reita fasteignafélags hf., kennitala 711208-0700, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Reita fasteignafélags hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 10. mars 2016

Fyrir hönd Reita fasteignafélags hf.



Þórarinn V. Þórarinnsson

formaður stjórnar



Guðjón Auðunsson

forstjóri

Umsjónaraðili með gerð viðauka við grunnlýsingu